

Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, föstudaginn 17.04.2020, kl. 16:15

Mættir: Gunnar Berg Viktorsson Jóhannes Egilsson, Sigurður Bjarnason, Ásta Kristjánsdóttir, Sigríður Dís Guðjónsdóttir, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir, Einnig sátu fundinn Baldvin Sturluson, fjármálastjóri og Ása Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundagerðina.

Forfallaðir:

Fundagerð:

formaður, Sigurður Bjarnason, setti fundinn og stýrði

1. Samþykkt á fundagerð aðalstjórnarf. 9.mars og 30.mars

Fundagerð frá 9.mars var samþykkt. Fundagerð frá 30.mars var samþykkt

2. Ný áætlun f. 2020 mfl kk körfubolti

Fjármálastjóri fór yfir nýja áætlun fyrir mfl kk í körfubolta. Búið er að gera ráð fyrir töluverðri tekjuskerðingu sem helst í hendur við samdrátt í kostnaði við flokkinn. Áætlunin endurspeglar því þá ákvörðun aðalstjórnar sem tekin var 30.mars síðastliðinn.

Niðurstaða: Áætlunin er samþykkt.

3. Ný áætlun f. 2020 mfl kvk & mfl kk handbolta

Fjármálastjóri fór yfir áætlanir fyrir mfl kk og mfl kvk í handbolta. Þar sem þær endurspegluðu ekki nægilega vel ákvörðun aðalstjórnar 30.mars síðastliðin var fjármálastjóra falið að fara yfir þær aftur með forsvarsmönnum flokkanna og leggja fyrir nýja áætlun á næsta fundi.

Niðurstaða: Áætlun send aftur til leiðréttingar

4. Önnur mál

Sigríður Dís Guðjónsdóttir óskaði eftir orðinu og las upp eftirfarandi tilkynningu sem bókuð yrði í fundargerð:

„Eftir að hafa eitt miklum tíma og orku í vinnu fyrir félagið er orðið ljóst að hugmyndir mínar og formanns félagsins um framkomu, samskipti og ákvarðanatöku innan stjórnar félagsins fara ekki saman. Ekki er lengur til staðar það traust sem þarf að vera til staðar í starfi sem þessu. Það er því óhjákvæmilegt að ég tilkynni úrsögn mína úr stjórn UMF Stjörnunnar frá og með þessum fundi að telja.“

Garðabær 17.apríl 2020

Sigríður Dís Guðjónsdóttir



Í ljósi tilkynningar Sigríðar Dísar það Ásta Kristjánsdóttir um orðið og óskaði eftir að eftirfarandi tilkynning væri bókuð:

„Eftir að hafa starfað í stjórn Stjórnunnar af heilum hug með velferð félagsins að leiðarljósi ásamt því að hafa eytt miklum tíma og orku í vinnu fyrir félagið er ljóst að hugmyndir mínar og formanns félagsins um vinnubrögð innan stjórnar félagsins fara ekki saman. Ekki er lengur til staðar það traust sem þarf að vera til staðar í starfi sem þessu. Það er því óhjákvæmilegt að ég tilkynni um úrsögn mína úr stjórn UMF Stjórnunnar frá og með þessum fundi að telja. Ég vil þakka starfsfólki og þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem ég hef starfað með fyrir samstarfið.

Ég óska eftir því að bókun þessi fari í fundargerð fundarins ásamt því að vera send á stjórnir deilda í félaginu.

Garðabær 17.apríl 2020

Ásta Kristjánsdóttir

fundi var slitið kl. 19:00, Ritað ÁÍP

